

Samkomulag Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara um endurnýjaða viðræðuáætlun

1. grein

Endurnýjun viðræðuáætlunar

Aðilar eru sammála um endurnýjaða viðræðuáætlun skv. 23. gr. laga nr. 80/1938 þannig að hún gildi til 28. febrúar 2014.

2. grein

Launabreyting

Á gildistíma viðræðuáætlunar fara launahækkarnir samkvæmt launatöflu með gildistíma 1. mars 2013, sjá meðfylgjandi fylgiskjal I.

3. grein

Greining á framkvæmd menntastefnu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Skólastjórafélag Íslands og Félag grunnskólakennara munu standa sameiginlega að greiningu á framkvæmd stefnunnar "skóli án aðgreiningar" og hvaða áhrif hún hefur á skólastarf.

Sömu aðilar munu efla samræður um hvernig staðið skuli að innleiðingu aðalnámskrár fyrir grunnskóla.

Ofangreindir aðilar munu sameinast um gerð verkáætlunar um framkvæmd verkefnisins.

4. grein

Breyting vegna niðurstöðu forsendunefndar

Á grundvelli niðurstöðu forsendunefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og stéttar- og verkalýðsfélaga innan ASÍ, BHM, BSRB og KÍ, vegna annarra en Félags grunnskólakennara, verður framlag til, annað hvort Vonarsjóðs eða Sjúkrasjóðs KÍ, hækkað í áföngum um 0,1% eigi síðar en 1. janúar 2015, sem útfært verður nánar í næsta kjarasamningi.

Með þessu er ákvæði gr. 15.1 í kjarasamningi aðila um almennar samningsforsendur uppfyllt.

5. grein

Friðarskylda

Á gildistíma viðræðuáætlunar ríkir friðarskylda.

Reykjavík, 15. febrúar 2013

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga

F.h. Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara

Fylgiskjal I

Launatafla grunnskólakennara			
frá 1. mars 2013			
	<35	Frá 35 ára	Frá 40 ára
	1. þrep	2. þrep	3. þrep
Lfl.	Til og með 34 ára	frá 35 ára	frá 40 ára
226	250.153	260.699	271.772
227	256.481	267.342	278.748
228	262.998	274.186	285.933
229	269.712	281.235	293.334
230	276.624	288.495	300.958
231	283.747	295.973	308.809
232	291.082	303.674	316.896
233	298.637	311.607	325.225
234	306.419	319.778	333.806
235	314.434	328.195	342.643
236	322.690	336.862	351.745
237	331.194	345.792	361.120
238	339.953	354.988	370.776
239	348.975	364.461	380.721
240	358.266	374.218	390.966
241	367.838	384.266	401.519
242	377.696	394.618	412.386
243	387.849	405.279	423.582
244	398.306	416.261	435.112
245	409.080	427.570	446.988
246	420.175	439.221	459.221
247	431.603	451.222	471.820
248	443.374	463.580	484.797
249	455.498	476.311	498.164
250	467.985	489.423	511.932